



Útivera og útisvefn

Huga þarf að

Hitastigi, vindhraða, svifryksmengun.

Aldri barns. Algengt viðmið er að barn sé orðið 3 vikna á sumrin (og meira en 3 kg) og 4 vikna á veturna (og meira en 4 kg) til að sofa úti. Sterk hefð er fyrir útisvefni barna á Íslandi sem þróaðist út frá lélegum og þröngum húsakynnum. Börn búa við aðrar aðstæður í dag og þurfa ekki að sofa úti.

Öryggisatriði

Festa barnið í belt.

Nota hlífðarnet. Forðast þykk, lokuð teppi yfir vagnopið sem geta hindrað eðlileg loftskipti.

Kanna vel að vagninn sé stöðugur og með góðum hemlum.

Setja vagninn á skjólgóðan og öruggan stað.

Á sólríkum sumardögum er mikilvægt að hafa vagninn í skugga og barnið léttklætt. Forðast skal að sól skíni beint á húð barns fyrsta árið.



Ekki er mælt með því að börn
sofi úti í frosti eða roki.